

## LÖG

### um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála (endurupptaka).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### **Breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum.**

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 214. gr. laganna orðast svo: Sé beiðni tekin til greina skal fyrri dómur í málinu halda gildi sínu þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp.

#### II. KAFLI

##### **Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.**

2. gr.

2. og 3. másl. 3. mgr. 168. gr. laganna orðast svo: Fallist nefndin á beiðni skal fyrri dómur í málinu halda gildi sínu þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp. Ákvörðun nefndarinnar um endurupptöku hindrar ekki aðför eftir dómi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 20. september 2016.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

*Ólöf Nordal.*